

10. Reglugerð um húsnefnd

- 10.1 Stjórn sveitarinnar tilnefnir þrjá í húsnefnd á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund.
- 10.2 Húsnefnd gerir tillögur að endurbótum á fasteigninni, lóð og öðrum eignum sveitarinnar er tilheyra fasteigninni.
- 10.3 Húsnefnd gerir kostnaðaráætlanir, aflar tilboða og gerir verklýsingar að þeim verkþáttum (sbr. 10.2) og leggur fyrir stjórn til samþykktar.
- 10.4 Húsnefnd er eftirlitsaðili með þeim verkþáttum sem framkvæmdir eru og húsnefnd hefur gert tillögur að. Húsnefnd skilar reglulega af sér skýrslu um framgang verka til stjórnar.
- 10.5 Húsnefnd hefur umsjón með aðgangsstýrikerfi, stofnar notendur í kerfinu og úthlutar aðgangsslyklum og aðgangi að kerfinu að fenginni tillögu stjórnar.
- 10.6 Húsnefnd hefur umsjón með þrifum í húsinu og umhirðu á lóð. Húsnefnd gerir samninga við verktaka um þrif og slátt og leggur fyrir stjórn til samþykktar.